

Stjórnarfundur 21. október 2024. Mætt: Bergþóra, Bjarni, Erlendur, Logi og Edda. Auk þeirra Áslaug, Steingerður og Jóhann M Ólafsson endurskoðandi skólans sem kynnti ársreikning skólaársins 2023-2024.

1. Niðurstöður ársreiknings fóru fram úr öllum væntingum. Hagnaður upp á 52 milljónir sem skýrast af lægri launakostnaði, lækkun í rekstri húsnæðis og auknum tekjum. Engin athugasemd frá endurskoðanda.
2. Ársskýrslan er komin úr prentsmiðju. Stjórnarmenn skoðuðu hana en skýrsla stjórnar sem þar birtist hafði áður verið samþykkt.
3. Rætt um aðalfundinn framundan. Venjuleg aðalfundarstörf fara fram í fyrirlestrasalum en síðan er hugmyndin að skála í búbblum inni í stóra salnum. Bjarni hefur lokið stjórnarstörfum en hann hefur setið í sex ár samfleytt. Erlendur á að baki þriggja ára stjórnarsetu, Logi tveggja ára en Bergþóra og Edda Kristín hafa verið varamenn í eitt ár. Á fundinum verður kosið í samræmi við túlkun Benedikts Ólafssonar lögmanns á skipulagsskrá skólans en hann hefur bent á að þar sé kveðið á um að stjórn skuli kosin á þriggja ára fresti og að varamenn taki sæti ef stjórnarmaður lætur af störfum af einhverjum ástæðum áður en þriggja ára tímabili stjórnar lýkur. Á fundinum í næstu viku verður því kosin ný stjórn sem mun sitja næstu þrjú ár. Erlendur, Edda Kristín og Logi hafa lýst sig tilbúin til að sitja sem aðalmenn í stjórn og Bergþóra og Jóhann L Torfason munu bjóða sig fram í varastjórn. Með aðalfundarboði var þetta tilgreint og fólk hvatt til þess að bjóða sig fram hafi það áhuga á að sinna stjórnarstörfum fyrir skólann.
4. Stjórn mun á aðalfundi leggja til, undir liðnum önnur mál, að næstu stjórn, bæði félagsins og skólans, verði fengið það verkefni að endurskoða ramma starfsins með skilvirkni í huga. Horfa þurfi á lög félagsins og skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar saman og mikilvægt er að félagsstjórnin fái verðugt verkefni en hennar erindi er afar takmarkað miðað við regluverkið eins og það er í dag. M.a. mætti hugsa sér að félagsstjórnin hefði það verkefni þegar kosið er til stjórnar í sjálfseignarstofnuninni að tilnefna stjórnarmann. Áslaug kynnir þessar hugmyndir fyrir Benedikt en hann hefur tekið að sér fundarstjórnina á aðalfundi.
5. Stjórn þakkaði skólastjóra fyrir þá vinnu sem búið er að leggja í varðandi húsnæðismál skólans. Samhliða rekstri skólans, sem nú skilar bestu afkomu í sögu hans, er búið að selja húsnæði skólans við Hringbraut og tryggja skólanum framtíðarhúsnæði sem mun gagnast skólanum vel. Hvorki sala Hringbrautar né kaup á Rauðarárstíg voru einföld verkefni, en með seiglu tókst að ljúka þessum vistaskiptum skólanum til hagsbótar til framtíðar. Fyrir það skal þakkað.

Ekki fleira. Fundi slitið.

Undirritunarsíða

Áslaug Thorlacius

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason

Bergþóra Guðnadóttir